

# Valdefling ungs fólks á Norðurlandi vestra

## Ungmennaping SSNV 2023

### Samantekt

Vel heppnað Ungmennaping SSNV var haldið í félagsheimilinu á Blönduósi þann 5. okt síðastliðinn. SSNV hlaut styrk úr samfélagssjóði Landsvirkjunar til þess að halda viðburðinn. Markmiðið þingsins var að skapa vettvang fyrir ungt fólk til að tjá skoðanir sínar og ræða málefni sem brenur á því, valdefla þau og efla tengslanet. Á þingið mættu 20 ungmenni á aldrinum 13-18 ára og tóku þátt í vinnustofu. Þemað á þinginu var umhverfismál og nýsköpun og Sævar Helgi Bragason (Stjórn Sævar) kom og sá um vinnustofuna. Vinnustofunni var skipt upp í þrjá hluta þar sem krakkarnir kortlögðu helstu áskoranir í sínu sveitarfélagi, fundu lausnir við þeim og hvernig þau sjá landshlutann fyrir sér í framtíðinni.

Þegar þau voru spurð hvort þau sjái fyrir sér að búa í landshlutanum þegar þau yrðu stór var tæplega helmingur (47%) sem sögðu já. Þessar niðurstöður eru umhugsunarverðar fyrir stjórnmalafólk landshlutans því ef unga fólk vill ekki búa hér í framtíðinni hver á þá að gera það?

Þegar dregin eru saman aðalatriðin sem komu út úr deginum þá er ljóst að unga fólk vill búa í samfélagi þar sem á þau er hlustað og þau geta sagt skoðanir sínar, bæði núna og þegar þau verða stór.

Samgöngur skipta þau miklu máli, þau vilja efla innviði svo það sé auðveldara fyrir þau og fullorðna fólk að nota vistvænar samgöngur á milli staða. Þau höfðu orð á því að fullorðna fólk noti bílana of mikið til að keyra stuttar vegalengdir og skilji bílana mikið eftir í gangi með tilheyrandi útblæstri. Ungt fólk frá minni sveitarfélögum nefndi einnig um að oft þurfa þau að ferðast langar vegalengdir til að fá t.d. viðeigandi heilbrigðisþjónustu. Þau lögðu áherslu á orkuskipti og að það sé ekki bara fólk sem á að fá sér rafmagnsbíl heldur þurfi fyrirtæki og sveitarfélög að gera betur á því sviði.

Úrgangur var annað málefni sem brann á unga fólkinu. Þau vilja bæta flokkun í landshlutanum og einnig bæta hreinsun á rusli úr náttúrunni.

Þegar unga fólk var spurt hvað skiptir mestu máli svo þau vilji búa í landshlutanum í framtíðinni voru margir sem nefndu góð aðstaða fyrir landbúnað. Á vinnustofunni voru þau einnig áhugasöm um nýsköpunarlausnir sem gera landbúnað loftslagsvænni og þar liggur tækifæri til að virkja ungt fólk með frjótt ímyndunarafli.

Ávinningurinn af því að virkja unga fólk okkar með þessum hætti tel ég vera að þau verði líklegri til að vilja setjast hérna að í framtíðinni og svona vettvangur getur líka ýtt undir að þau fái áhuga á stjórnmalum og vilji taka virkan þátt í samfélaginu okkar.

Eftir reynsluna af þessu ungmennapingi er mikil þörf fyrir að skapa vettvang eins og þennan til að leyfa þessu fólk að láta í sér heyra og enn mikilvægara er að stjórnmalafólk hlusti á hvað þau hafa að segja því það hlýtur að vera markmiðið að þetta fólk vilji setjast að í landshlutanum í framtíðinni. Lagt er til að ungmennaping verði gert að árlegum viðburði, það verði stækkað og markmiðið verði að ná til

fjölbreyttis hóps af ungu fólki þ.a.m. ungt fólk sem tilheyrir minnihlutahópum s.s. ungs fólks með fötlun og ungs fólks af erlendum uppruna. Einnig hefur komið upp sú hugmynd að gefa sveitastjórnafólki tækifæri á að koma á ungmennapingið og taka samtalið við þátttakendur þingsins. Verkefnastjóri leggur til að stofnað verði ungmennaráð SSNV til þess að efla tengslin.



## Undirbúningur

Stjórn SSNV samþykkti í upphafi árs að haldið yrði Ungmennafélag SSNV á árinu og var ákveðið að þingið yrði haldið í 5. október. Markmið verkefnisins var að standa fyrir viðburði fyrir ungt fólk á aldrinum 13-18 ára. Þau taka þátt í vinnustofu þar sem þau hafa tækifæri til þess að ræða málefni sem brenna á þeim og koma sínum skoðunum á framfæri. Markmiðið er að valdefla ungt fólk í landshlutanum og efla tengslanet þess. Afleidd markmið af viðburðinum er að virkja ungt fólk í landshlutanum til þess láta skoðanir sínar í ljós og styðja við/stofna ungmennaráð og greiða leið þeirra til þess að hafa áhrif á verkefni og ákvarðanir í landshlutanum. Sótt var um styrk fyrir ungmennafélaginu í Samfélagssjóð Landsvirkjunar og fékkst styrkur upp á 200 þús kr.

Verkefnastjóri SSNV sá um undirbúning þingsins og fékk í lið við sig einn frístundastarfsmann úr hverju sveitarfélagi. Það voru þau Þorvaldur Gröndal (Skagafirði), Þorgerður Þóra Hlynsdóttir (Gigga) (Skagaströnd og Skagabyggð), Kristín Lárusdóttir (Húnabyggð) Tanja M. Ennagarð (Húnaþing vestra). Þau sáu um val á þátttakendum á þingið og þá vinnu sem snéri að því að unga fólk gæti tekið þátt á þinginu. Þau voru einnig upplýst um dagskrána og fengu tækifæri til að koma með athugasemdir og hafa áhrif á undirbúning viðburðarins til þess að tryggja að hann höfði til allra þátttakenda.

Ákveðið var að þemað á þinginu yrði umhverfismál og nýsköpun vegna þess að þessir málaflókkar eru áskorun og hagsmunamál unga fólksins. Áhersla var lögð á að fá gesti á ungmennafélagið sem þekkja málaflókkana og eiga auðvelt með samskipti við ungt fólk. Sævar Helgi Bragason var fenginn til þess að stýra vinnustofu þingsins og Ragnhildur Friðriksdóttir var fengin til að koma og tala um aðlögun að loftslagsbreytingum. Markmiðið var að hvetja unga fólk til skapandi hugsunar og nýsköpunar til að takast á við áskoranir sem tengjast umhverfismálum og sjálfbærri framtíð í landshlutanum.

## Framkvæmd

Á ungmennafélagið mættu 20 krakkar á aldrinum 13-18 ára frá öllum sveitarfélögum landshlutans. Viðburðurinn var haldinn í félagsheimilinu á Blönduósi sem er miðsvæðis á Norðurlandi vestra.

Starfsfólk sveitarfélaganna sem voru fengin til að taka þátt í undirbúningi viðburðarins og fylgdu unga fólkinu frá sínu sveitarfélagi. Þingið hófst kl. 9 á því að Ólöf bauð unga fólk velkomið og kynnti það fyrir starfsemi SSNV, sóknaráætlun og markmiði dagsins. Síðan tók Gigga við Keflinu og sá um hópefli. Áhersla var lögð á að hafa hópefli í upphafi til að brjóta ísinn og efla tengslamyndun milli unga fólksins.

Eftir hópeflið kom Ragnhildur Friðriksdóttir frá Byggðastofnun og talaði um mikilvægi aðlögunar að loftslagsbreytingum og um leynivopnið í baráttunni við loftslagsbreytingar sem var, unga fólk sjálft. Í kjölfarið var Ólöf með kynningu á loftslags- og umhverfisvænum nýsköpunarlausnum. Markmiðið með þessum kynningum var að fá unga fólk til þess að hugsa um lausnir og nýsköpun þegar það færi af stað í vinnustofuna.

Sævar Helgi Bragason stýrði vinnustofunni í bland við fræðslu og kynningu um umhverfismál og nýsköpun í sögulegu samhengi og hvernig nýsköpun hefur áður haft áhrif á ógnir umhverfisins t.d. gatið á ósonlaginu.

Tími	Dagskrá	Nánar
9:00-9:30	Mæting - Kynning	Kynning á SSNV, sóknaráætlun og markmiði dagsins. Ólöf
9:30-10:00	Hópefli	Gigga
10:00-10:15	Pása	Boðið uppá snarl frá Sauðárkróksbakarí
10:15-11:00	Kynningar frá atvinnulífinu	Ragnhildur Friðriks (aðlögun að loftslagsbreytingum) Ólöf Lovísa Jóhannsdóttir (Græn nýsköpun)
11:00-12:00	Vinnustofa	Sævar Helgi Bragason
12:00-13:00	Hádegismatur	Krúttvagninn býður uppá hamborgara
13:00-14:20	Vinnustofa	Sævar Helgi Bragason
14:20-14:30	Pása	
14:30-15:00	Farið yfir niðurstöður þingsins	Krakkar kynna sínar hugmyndir

Tafla 1: Dagskrá ungmennafings á Blönduósi 5. Okt 2023

Markmiðið með vinnustofunni var að fá ungt fólk til að koma hugmyndum sínum frá sér um hvernig við getum stuðlað að sjálfbærri framtíð í landshlutanum. ( Með sjálfbærri framtíð er átt við: hvað þurfum við að gera til þess að ungt fólk vilji búa hér og hvernig gerum við það án þess að skerða lífsgæði komandi kynslóða)

Vinnustofunni var skipt upp í 3 hugarflugsfundi. Á fyrstu tveimur hugarflugsfundunum vann unga fólkið ýmist saman í hóp eða sjálfstætt eftir því hvað hentaði þeim. Svörin skrifuðu þau niður á blað og settu í hugmyndakassa.

## Fyrstu hugarflugsfundur

### *Hvað er jákvætt við Landshlutann?*

Þau voru mörg sem nefndu að þau væru ánægð með skólaaksturinn. Einnig voru þau ánægð með að fá að nota Ipad í skólum og fá afslátt til að kaupa Ipad, þau voru ánægð með íþróttastarfið og töluðu um góð atvinnutækifæri. Þau töluðu um gott félagslíf, voru ánægð með grunnskólann og sérstaklega tólmstundafulltrúana sem komu með þeim og að hafa aðgang að rafmagni. Myndin hér fyrir neðan sýnir þau orð sem var skirfað niður á blöðin og því stærri sem orðin eru því meira vægi höfðu þau í niðurstöðunum.



### Hverjar eru helstu áskoranir í landshlutanum?

Annars vegar var spurt um helstu áskoranir óháð þemanum og hins vegar helstu áskoranir tengdar umhverfismálum, hvort í sínu lagi. Þrátt fyrir það voru áskoranirnar í flestum tilfellum tengdar umhverfismálum. Eins og sést á myndinni hér fyrir neðan þá nefndu mörg þeirra úrganginn. Þau töluðu um að það þurfi að hætta urðun og bæta flokkun, fjölga flokkunartunnum. Einnig töluðu þau um mikið rusl í náttúrunni, matarsóun og að það vanti skólphreinsistöðvar.

Þau töluðu mörg um orkuskiptin, að það þurfi að fjölga hleðslustöðvum og rafmagnsbílum.

Þau lögðu líka mikla áherslu á að það þurfi að laga gangstéttir/gönguleiðir og fjölga þeim svo það sé auðveldara að hjóla og labba. Þau töluðu um að fólk væri of mikið að keyra stuttar vegalengdir og skilja bílana eftir í gangi í kyrrstöðu.

Áskoranir sem ekki tengdust umhverfismálum sem komu fram voru að það vantar betri íþróttá- fótbolta- og hestaaðstöðu, sérstaklega á minni stöðum og þeim finnst búðirnar vera of dýrar hérna.



## Annar hugarflugsfundur: Lausnir

### Lausnir við áskorunum

Þar töluðu öll um að bæta flokkun og auka endurvinnslu og vilja sjá söfnun á lífrænum úrgangi frá heimilum þar sem það er ekki gert. Varðandi samgöngurnar þá nefndu mörg þeirra að þau vilja sjá fleiri hopp hjól eða að fá hopp hjól þar sem þau eru ekki. Einnig bættar göngu- og hjólaleiðir. Það gæti dregið úr því að fólk sé að keyra stuttar vegalengdir.

Þau nefndu líka að þau vilja sjá vindmyllur, sólarcellur og fleiri vatnsaflsvirkjanir í landshlutanum. Eftir að hafa hlustað á þau eru dregnar þær ályktar að þau séu tala um aukna orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum til að mæta aukinni eftirspurn á orkupörf vegna orkuskipta í samgöngum. Þau lögðu líka mikla áherslu á að rafvæðingu bíla og tækja. Einnig vilja þau að gróðursett séu fleiri tré, sérstaklega innan þéttbýlis.



## Þriðji hugarflugsfundur: Framtíðarsýn

Eftir hádegi var krökkunum skipt niður í fjóra blandaða hópa og þau beðin um að skrifa niður hvernig þau sjá Norðurland vestra fyrir sér í framtíðinni (þegar þau eru orðin stór) og hvernig verður búið að leysa þær áskoranir sem þau kortlögðu fyrir um daginn.

### Hópur 1

Fyrsti hópurinn sá fyrir sér að það yrði komið kjarnorkuver í Skagafirði. Allir bílar og skólaakstur gengju fyrir rafmagni, allur úrgangur yrði flokkaður og enginn úrgangur færi í sjóinn, þ.á.m. ekki skólp og að það væri komin betri hestaaðstaða á Skagaströnd.



### Hópur 2

Annar hópurinn sá fyrir sér að það væri engin þörf fyrir klósettpappír því það væru vatns sprautandi klósett, öll ökutæki rafknúin. Þau vildu sjá bætta heilbrigðisþjónustu, sérstaklega í minni bæjunum, þeim finnst þau þurfa að keyra of mikið til að hitta t.d. Sérfræðilækna. Notkun á eiturefnum verði hætt, þau sjá fyrir sér að við séum búin að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda og séum kolefnishlutlaus. Einnig vilja þau sjá betri fótboltaaðstöðu alstaðar.



### Hópur 3

Þriðji hópurinn var með margar hugmyndir og lagði mikla áherslu á samfélagið. Þau vilja að fólk geti auðveldlega komið sínum skoðunum á framfæri og að á það sé hlustað. Þau vilja gott félagslíf, atvinnutækifæri og að mannréttindi og lög séu virt. Þau vilja geta keypt allar nauðsynlegar vörur í heimabyggð og komast 13 ára í ræktina. Þau vilja að gjaldmiðillinn okkar sé stöðugur, þau sjá fyrir sér að það verði rafmagnssamgöngur, lest til og frá Reykjavík og rafmagnsflugvélar, rafmagnsskip og rafmagns skólabílar. Urðun verður alveg hætt og allur úrgangur flokkaður og endurunninn eða nýttur, það verða komnar vindmillur og að það verði búið að gróðursetja fleiri tré.



### Hópur 4


Að lokum var hópur 4 sem sá fyrir sér að landbúnaðarvélar myndu ganga fyrir metani sem verður til heima á bæjunum, þau sjá fyrir sér að Alexandersflugvöllur verði orðinn alþjóðaflugvöllur og ferðamönnum muni fjölga í landshlutanum. Fiskiskipin gangi fyrir rafmagni, bændur selji meira milliliðalaust beint úr býli og að heitavatnssuppsprettur sem eru núna ekki nýttar verði í auknum mæli nýttar í grænmetisræktun.




## Niðurstöður

Þegar dregin eru saman aðalatriðin sem komu út úr deginum þá er ljóst að ungarfólkið vill búa í samfélagi þar sem á þau er hlustað og þau geta sagt skoðanir sínar, bæði núna og þegar þau verða stórir. Í upphafi þingsins voru þátttakendur spurð að því hvort þau sjái fyrir sér að búa í landshlutanum í framtíðinni og hvað skipti þau mestu máli til þess að vilja búa hér. Niðurstöðurnar voru áhugaverðar, en aðeins 47% þátttakenda sáu fyrir sér að búa í landshlutanum í framtíðinni. Það sem virðist skipta þau mestu máli eru aðstæður fyrir landbúnað, góð atvinna og félagslíf.

Heldur þú að þú munir búa á Norðurlandi vestra í framtíðinni?



Hvað finnst þér skipta mestu máli svo þú viljir búa í landshlutanum í framtíðinni



Á vinnustofunni töluðu þau mikið um samgöngur. Það sem kom kannski ekki skýrt fram á miðunum frá þeim en þau töluðu um var að þeim finnst fullorðna fólkið keyrir mikið, notar bílana mikið fyrr stuttar vegalengdir og skilur þá eftir í gangi. Mörg þeirra töluðu líka um að gangstéttum væri illa við haldið og það er skemmir hjólin þeirra, að það væri erfitt að nota rafmagnshlaupahjól og fleira. Einnig töluðu þau um að oft vanti gangstéttir og gangbrautir þar sem þau þurfa að ganga.



Þau töluðu um rafvæðingu í samgöngum og að það væri ekki bara venjulega fólkið sem ætti að fá sér rafmagnsbíla heldur líka fyrirtækin og að það vantaði fleiri hleðslustöðvar í landshlutann.

Þau töluðu mikið um að bæta flokkun úrgangs og hætta að urða. Þau höfðu orð á því að þeim fyndist oft vera mikið rusl eins og rúlluplast of annað að fjúka um í náttúrunni og að við gætum verið duglegri að hreinsa það.

Landbúnaðurinn virtist skipta einhverja í hópnum miklu máli og þau eru mjög áhugasöm og móttækileg fyrir nýsköpunarhugmyndum tengt því að gera landbúnað loftslagsvænni. Þarna er tækifæri til að virkja ungt fólk með frjótt ímyndunarafli sem hefur áhuga á landbúnað til þess að hugsa um loftslagsvænar nýsköpunarlausnir fyrir landbúnaðinn.

Ávinningurinn af því að virkja unga fólkið okkar með þessum hætti tel ég vera að þau verði líklegri til að vilja setjast hérna að í framtíðinni og svona vettvangur getur líka ýtt undir að þau fái áhuga á stjórnámálum og vilji taka virkan þátt í samfélaginu okkar.

## Hvað hefði betur mátt fara?

Þetta fyrsta ungmennaping SSNV var frekar smátt í sniðum og krafðist ekki mjög mikils undirbúnings. Það er hins vegar tækifæri til þess að stækka þetta. Byrja fyrr á að undirbúa þingið og leyfa unga fólkinu og starfsmönnum sveitarfélaganna að taka virkan þátt í undirbúningnum. Hópurinn sem tók þátt var frekar einsleitur. Flestir voru í 9-10 bekk og voru á einhvern hátt áberandi í sínum árgangi t.d. ungt fólk úr ungmennaráðum, formenn nemendafélaga eða íþróttafólk. Á næsta þingi væri sniðugt að stækka hópinn og hafa í huga að ná til fjölbreyttari hópst t.d. fá inn rödd ungs fólks með fötlun, fólks af erlendum uppruna ofl.

Þegar niðurstöður ungmennapingsins voru kynntar fyrir sveitastjórnafulltrúum á haustþingi SSNV kom upp sú ósk að sveitastjórnafulltrúar fengju tækifæri til að koma á þingið og eiga samtál við unga fólkið. Til þess að sú hugmynd geti orðið að veruleika er nauðsynlegt að gefa meiri tíma í þingið og leyfa því að ná yfir tvo daga. Við getum ekki gert þá kröfu á ungt fólk á þessum aldri að halda einbeitingu lengur en þann tíma sem þarf til að halda vinnustofu.

## Næstu skref

### *Ungmennaráð SSNV*

Til að efla tengslin og virkja unga fólkið þá teljum við að það væri gagnlegt að stofna ungmennaráð SSNV sem myndi hittast reglulega t.d. 2-4 sinnum á ári með verkefnastjóra SSNV og tala um málefni og áskoranir sem brenna á þeim. Einnig fá þau til þess að koma með tillögu að skipulaginu á ungmennapinginu t.d. þema og afþreyingu til þess að viðburðurinn höfði til þeirra kynslóðar.

### *Áhersluverkefni innan SSNV*

Það er mikil þörf fyrir vettvang sem þessum til að virkja unga fólkið í landshlutanum. Verkefnastjóri telur mikilvægt að verkefnið verði sett inn sem áhersluverkefni hjá SSNV til að tryggja að fjármagn fái til þess að halda viðburðinn árlega og hafa hann þannig að hann raunverulega stuðli að tengslamyndun milli fjölbreytts hóps í landshlutanum og að þau fái tækifæri til þess að láta skoðanir sínar í ljós.